

## Fundargerð 2

Stjórn foreldrafélags Naustaskóla

1. desember 2016

1: Rukkun félagsgjalda.

Rætt um að láta foreldra borga seðilgjaldið vegna innheimtu félagsgjalda foreldrafélagsins. Eins var ákveðið að stefna að því að senda félagsgjöldin út strax eftir aðalfund, helst ekki síðar en í október.

2: Kveðja til foreldra.

Ingibjörg lét okkur vita að búið væri að senda bréfið til Bryndísar skólastjóra og að það myndi birtast í næsta fréttabréfi frá skólanum.

3: Bókun vegna lýsingar og öryggis.

Ingibjörg las upp bókun sem búið var að vinna að til að senda á bæjaryfirvöld vegna lýsingar og öryggismála í kringum skólann og á bílastæðum hans.

4: Bókun vegna skólalóðar.

Ingibjörg las upp bókun sem búið var að vinna að til að senda á bæjaryfirvöld vegna frágangs skólalóðarinnar. Í framhaldi af því var rætt hvernig væri best að koma þessu á rétta aðila innan bæjarkerfistins og ákveðið að senda þetta á eftirfarandi aðila;

- Soffíu fræðslufulltrúa
- Alla bæjarfulltrúa
- Á bæjarráð
- Á skólanefnd bæjarins

5: Samtaka.

Þar sem nýjir fulltrúar eru að taka sæti í Samtaka var farið aðeins yfir hvað er um að vera, hvað er yfirleitt rætt á fundum og hvernig við getum nýtt þennan vettvang til gagns fyrir skólasamfélagið okkar.

6: Bókun til stuðnings kjarabaráttu kennara.

Samþykkt var að skrifa bókun til stuðnings kennurum en ákveðið að bíða með að vinna í því og senda það út þar til komið væri í ljós hvort nýjir kjarasamningarnir yrðu felldir.

7: Mál sem Fanney vildi upplýsa um.

- Sagði okkur frá svörum sem hún hafði fengið vegna eineltisfyrirlestra Vöndu Sigurðardóttur sem spurning var um að fá inn í skólann. Svörin voru þess eðlis að það koma í ljós að þetta væri ekki alveg það sem verið var að leita eftir. Í framhaldinu var ákveðið að við myndum frekar einbeita okkur að því að kanna hvaða eineltisfræðsla væri hægt að fá í heimabyggð t.d. frá Háskólanum á Akureyri.

- Fanney hefur verið í sambandi við umboðsmann Amabadama um hvort það væri möguleiki að þau kæmu og héldu tónleika í skólanum á þeim tíma sem þau yrðu hér vegna tónleika með SinfónNord. Svörin sem hún fékk voru að þau þyrftu að fá heimild frá Sinfóníunni um að halda

aðra tónleika vegna þess að samkomulag væri þeirra á milli um að vera ekki með neina viðburði á norðurlandi á sama tímabili og samstarfstónleikar þeirra væru. En auk þess var fyrirspurn frá þeim um hvaða búnaður væri á staðnum og Fanney svaraði þeirri fyrirspurn.

8: Frá gjaldkera.

Gjaldkeri hefur samþykkt eftirfarandi:

- Kaup á kakói, rjóma og Macintosh
- Styrkur vegna komu jólasveina í skólann
- Styrkur vegna ferðar eins nemanda á Reyki
- Kaup á þoturössum
- Kaup á borðtennisþöðum og kúlum

9: Niðurstöður af skólaráðsfundi.

Ræddum hvað fram fór á skólaráðsfundi og hvaða svör við fengum vegna athugasemda sem við gerðum vegna niðurstöðu kosningar í nemendaráð skólans en verulegur kynjahalli er á fulltrúum í ráðinu. Foreldrafélagið er sammála skólastjórnendum að það þurfi að skerpa á allri umgjörð, undirbúa nemendurnar betur og kynna þeim um hvað sæti í ráðinu snýst, hverjar séu skildur fulltrúa í nemendaráði skólans.

Viðstaddar fundinn voru:

Erla, Martha, Margrét, Ása, Ingibjörg, Ína og Fanney